

**Mál nr. 183/2017**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fyrirtækisins R.**

**Maður slasast á hendi við vinnu með slípirokk 2.1.2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 7.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-25
2. Bréf V dags. 12.7.2017 og 7.7.2017.

**Málsatvik.**

M varð fyrir slysi við vinnu sína 2.1.2014 þegar hann vann við að koma rafmagnsvírum í gegn um álbakka og notaði slípirokk til að skera úr bakkanum. Slípirokkurinn festist í bakkanum og skaust síðan til baka í vinstri hönd M þannig að M slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og segir að öryggishlíf hafi vantað á slípirokkinn þegar slysið varð, en hlífín eigi að varna því að slys eins og það sem M varð fyrir eigi sér stað. M segir að öryggishlífin hafi ekki verið nálægt og hann ekki vitað hvar hún var. M hafði starfað hjá R í 4 mánuði þegar slysið varð. M segir að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrir en löngu eftir að það átti sér stað og þess vegna hafi ekki farið fram nein rannsókn á orsökum slyssins. Vinnuveitandi hafi því vanrækt lögboðna tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits og verði að bera halla af því. V hafnar bótaskyldu og segir rangt og ósannað, að öryggishlíf hafi vantað á slípirokkinn þegar M var að vinna við hann á slysdegi og vísar til mynda af slípirokk sem fylgdu höfnunarbréfi V dags. 7.3.2017 og segir að öryggishlífin sé áföst. Þá hafnar V því að öryggishlíf á slípirokknum komi í veg fyrir að hægt sé að skera sig á honum og M hafi ekki gert fullnægjandi grein fyrir því hvaða þýðingu öryggishlíf hefði haft í þessu tilviki og telur V að öryggishlífin hefði ekki komið að gagni í umrætt sinn þar sem áverkinn sé á innanverðum litlafingur vinstri handar, en M sé rétthendur. V telur því að ekki séu fyrir hendi orsakatengsl á milli slyss M og þess að öryggishlíf hafi vantað á slípirokkinn sem hann vann við.

**Álit.**

Af gögnum málsins liggur ljóst fyrir að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrir en löngu eftir að það hafði átt sér stað. R gætti því ekki skyldu sinnar skv. 1.mgr. 79.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Engin hlutlaus könnun fór því fram á aðstæðum og/eða því tæki sem M var að vinna við þegar slysið varð, sem og aðbúnaði á vinnustað. Ágreiningur er um hvort að öryggishlíf hafi verið á slípirokknum, sem M vann við í umrætt sinn eða hún hafi verið fjarlægð og einnig hvort slík öryggishlíf skipti máli og orsakatengsl séu á milli þess að öryggishlíf kunni að hafa vantað og slyss M. Þar sem R gætti þess ekki að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins svo sem lög kveða á um verðu R að bera hallann af sönnunarskorti um aðstæður, þ.e. hvort öryggishlíf hafi verið á tækinu og hvort orsakatengsl hafi verið milli aðstæðna og slyss M. Miðað við framangreint og gögn málsins að öðru leyti, á M því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 17.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.